

GREINARGERÐ

stefnda
í Landsréttarmálinu nr. 628/2020

Ingibjörg Pálsdóttir og Fossatún ehf.
gegn
Veiðifélagi Grímsár og Tunguár

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:

Guðjón Ármannsson lögmaður, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnda.

DÓMKRÖFUR:

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti samkvæmt mati dómsins.

MÁLSATVIK, MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Mál þetta varðar ágreining milli áfrýjenda og stefnda um heimildir stefnda til útleigu á veiðihúsi stefnda að Fossási utan skilgreinds veiðitíma, en stefndi telur það heimilt á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Um málsatvik vísar stefndi til málsatvikalýsingar í greinargerð sinni í héraði (bls. 11-13) og í hinum áfrýjaða dómi (bls. 202-203). Stefndi mótmælir málsatvikalýsingu áfrýjenda að því leyti sem hún samræmist ekki málalíbúnaði hans.

Stefndi tekur undir forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms (bls. 208-209), en með hinum áfrýjaða dómi var fallist á málsástæður stefnda og hann sýknaður af kröfum áfrýjenda. Þá byggir stefndi áfram á öllum þeim málsástæðum sem er að finna í greinargerð hans í héraði (bls. 13-21). Þessu til viðbótar vill stefndi, í tilefni af umfjöllun í greinargerð áfrýjenda til Landsréttar, taka eftirfarandi fram:

Í greinargerð sinni til Landsréttar halda áfrýjendur því fram að útleiga á veiðihúsi utan skilgreinds veiðitímabils geti ekki talist til „skyldrar starfsemi“ í skilningi e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Virðist sú afstaða áfrýjenda fyrst og fremst grundvölluð á því að útleiga utan veiðitímabilsins sé annars eðlis „og tengist hvorki veiði í ánni eða veiðimönnum“ (greinargerð áfrýjenda til Landsréttar, mgr. 23). Stefndi telur að áfrýjendur séu hér á villigötum – starfsemin þarf ekki að vera skyld *veiði* eða *veiðimönnum*, heldur þarf hún að vera skyld einhverri þeirri starfsemi sem veiðifélög sinna. Í því samhengi er óumdeilt að útleiga veiðihússins innan veiðitímabilsins sé *eðlilegur hluti* af starfsemi veiðifélags (sjá meðal annars greinargerð áfrýjenda til Landsréttar, mgr. 21). Er það jafnframt í samræmi við það sem segir um 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 í dómi Hæstaréttar í máli nr. 676/2013, en þar kemur fram að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun á stangveiði og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur

í veiðihúsi á skilgreindum veiðitíma falli „*tvímælalaust* innan þeirra marka sem lög setja starfsemi veiðifélaga“. Með hliðsjón af þessu er sá samanburður sem þarf að fara fram eftirfarandi: *á útleiga veiðihúss utan veiðitímabilsins eitthvað skylt við útleigu veiðihúss innan veiðitímabilsins*. Að mati stefnda verður að svara því játandi; um er að ræða náskylda starfsemi. Er sú skýring jafnframt í samræmi við athugasemdir í frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/2015, þar sem segir berum orðum varðandi skýringu á hvað sé *skyld starfsemi* að veiðifélagi geti „m.a. verið heimilt að leigja út veiðihús í eigu veiðifélags utan hefðbundins veiðitíma, svo sem til gisti- og veitingarekstrar.“ Að mati stefnda þarf ekki að fara fleiri orðum um framangreint og telur hafið yfir allan vafa að útleiga stefnda á veiðihúsi í eigu stefnda utan hefðbundins veiðitíma sé í samræmi við heimildir stefnda samkvæmt e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Þá bendir stefndi á að það er allvanalegt að löggjafinn mæli fyrir um vægi atkvæðamagns við töku ákvarðanna um ákveðin málefni innan sérstakrar sameignar eða félaga um tiltekna sameiginlega hagsmuni. Sem dæmi mætti nefna 14. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 1. mgr. 34. gr., 5. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og 19. gr., 23. gr. og 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Með því er réttarstaðan varðandi þau tilteknu málefni skilgreind, en þar sem lagaákvæðunum sleppir gilda almennar reglur.

Þá er í greinargerð áfrýjenda til Landsréttar að finna fjöldann allan af nýjum málsástæðum. Er þeim *öllum mótmælt sem röngum og of seint fram komnum*. Er sérstaklega vakin athygli á þeirri nýju málsástæðu áfrýjenda að við mat á því hvort almenn veitinga- og gistipjónusta stefnda samrýmist þeim takmörkunum sem gerðar eru til skylduaðildarfélaga sé „svigrúm löggjafans til takmörkun á eignarrétti og félagafrelsi áfrýjenda [...] minna sökum þess að undirbúningur og afgreiðsla frumvarps sem varð að lögum nr. 50/2015 [hafi verið] óvandaður og án alls mats gagnvart stjórnarskrárbundnum réttindum áfrýjenda og annarra hagsmunaaðila.“ (sjá greinargerð áfrýjenda til Landsréttar, mgr. 1 (c) og mgr. 42-44). Ekki er einu orðið vikið að þessari málsástæðu í stefnu, en samkvæmt greinargerð áfrýjenda til Landsréttar er framangreint eitt af þeim þremur atriðum sem „í máli þessu [reyni] fyrst og fremst á“. Er málsástæðu þessari mótmælt sem of seint fram kominni.

Skyldi Landsréttur telja málsástæðu þessa rúmast innan málatilbúnaðar áfrýjenda er henni mótmælt sem efnislega rangri. Áfrýjendur virðast einkum byggja framangreinda ályktun sína um óvandaða lagasetningu á því að löggjafinn hafi ekki talið tilefni til þess að skoða efni frumvarpsins í samræmi við stjórnarskrá (sjá t.d. greinargerð áfrýjenda til Landsréttar, mgr. 12). Þetta stenst ekki nánari skoðun. Hið rétta að er að slík skoðun hafði þegar farið fram við samningu þess frumvarps sem varð að lögum nr. 61/2006. Eins og ráða má af almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2006 og athugasemdum við einstakar greinar þess var skoðað með ítarlegum hætti hvernig skylduaðild að veiðifélögum horfði við ákvæðum stjórnarskrárinnar. Sú viðbót við 37. gr. laga nr. 61/2006 sem lögleidd var með lögum nr. 50/2015 breytti ekki eðli skylduaðildarinnar með þeim hætti að það kallaði á nýju skoðun hvað þetta varðar. Þvert á móti, eins og réttilega er bent á í umsögn laganefndar LMFÍ við þá lagasetningu, var sú breyting sem gerð var með lögum nr. 50/2015 til þess fallin að *draga úr líkum* þess að skyldaðild að veiðifélagi geti verið talin andstæð 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, enda breytingin til þess fallin að minnka fjárhagslegt óhagræði af skylduaðild veiðiréttarhafa að veiðifélagi.

Að öðru leyti vísar stefndi til málsástæðna í greinargerð sinni í héraði (bls. 13-21).

Loks krefst stefndi málskostnaðar fyrir Landsrétti, sbr. 166. gr., sbr. XXI. kafli laga nr. 91/1991.


ÁSKILNAÐUR, FRAMLÖGÐ GÖGN OG RÆÐUTÍMI.

Á þessu stigi telur stefndi hvorki nauðsynlegt að óska eftir skýrslutökum fyrir Landsrétti né spilun á upptökum af skýrslum í héraði.

Stefndi leggur ekki fram nein ný gögn til Landsréttar. Allur réttur er áskilinn til frekari gagnaframlagningar af stefnda hálfu.

Fyrir þessu öllu verður gerð nánari grein við hinn munnlega málf lutning sem í fyrri umferð gæti tekið allt að 45 mínútum af hálfu stefnda

Reykjavík, 19. janúar 2021



Guðjón Ármannsson, lögmaður

Til Landsréttar.

